

FUNDARBOÐ

276. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, mánudaginn 13. apríl 2026 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

2. 2603329 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2025

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 739: "Framlögð drög að ársreikningi 2026. Til fundarins koma undir þessum dagskrárlið Halldóra Ágústa Pálsdóttir frá KPMG, Sigurður Kristjánsson fjármálastjóri og Kristín Lilja Lárusdóttir yfirbókari.

Samstæða Borgarbyggðar var rekin með 31 m.kr. halla á árinu 2025 og rekstur A-hluta var gerður upp með 92 m.kr. halla. Rekstrarhagnaður samstæðu fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 334 m.kr. en 67 m.kr. af rekstri A-hluta.

Rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er 233 m.kr. undir áætlun sveitarfélagsins og skýrist frávik aðallega af 90 m.kr. meiri hækkun lífeyrisskuldbindingar en áætlað var ásamt því sem um 120 m.kr. kostnaður við fjárhagsaðstoð við langtímaflóttafólk hefur ekki fengist endugreiddur.

Rekstrartekjur A-hluta Borgarbyggðar voru tæplega 6,7 ma.kr. á árinu 2025 og jukust um 1,4% á milli ára. Útsvarstekjur jukust um 9,1% og voru 3,3 ma.kr. og skatttekjur samtals jukust um 6,8%.

Veltufé frá rekstri samstæðu Borgarbyggðar var 542 m.kr. sem samsvarar 7,0% framlegð en 372 m.kr. af starfsemi A-hluta sem samsvarar 5,6% framlegð. Hreinar fjárfestingar í A-hluta Borgarbyggðar námu 2,7 ma.kr. Þar standa tvær fjárfestingar upp úr, bygging nýs fjölnota íþróttahúss - knatthúss í Borgarnesi og endurbygging Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum. Þá var fjárfest í gatnagerð, endurbótum á íþróttahúsinu í Borgarnesi og niðurrif hafið í Brákarey svo eitthvað sé nefnt. Á árinu 2025 nam hrein ný lántaka A-hluta Borgarbyggðar 2,3 ma.kr. og voru heildarskuldir- og skuldbindingar samtals 6,5 ma.kr. í árslok. Heildareignir voru bókfærðar á 13,2 ma.kr. í lok árs 2025 og eigið fé samtals um 6,7 ma.kr. sem samsvarar um 51% eiginfjárlutfalli. Skuldaviðmið samstæðu var í lok árs 71,4% og 70,1% fyrir A-hluta.

Á fyrri hluta þessa árs verður lokið við framkvæmdir við fjölnota íþróttahús - knatthús, og gatnagerð við Vallarás og Kveldúlfshöfða í Borgarnesi. Nýr markaðsvefur fyrir lóðir í sveitarfélaginu er kominn í loftið og ný hverfi tilbúin til uppbyggingar.

Skuldsetning sveitarfélagsins hefur aukist samhliða uppbyggingu. Rekstur ársins 2025

var þingri en áætlun gerði ráð fyrir og skuldir því ívið hærri undir lok árs 2025 en áætlað hafði verið. Á þessum tímavarki metur byggðarráð það sem svo að hætt sé við að tekjur á árinu 2026 verði lægri en áætlun gerði ráð fyrir og er þar helst horft til framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og endurgreiðslna vegna fjárhagsaðstoðar. Því er tilefni til að rýna reksturinn, fjárfestingar og lántökur ársins með það fyrir augum.

Samþykkt samhljóða og vísað til fyrri umræðu í sveitarstjórn."

3. 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026

Lagður fram viðauki III við fjárhagsáætlun ársins 2026

4. 2603312 - Stjórnsýsluskoðun Borgarbyggðar 2025

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 738: "Kynnt skýrsla um stjórnsýsluskoðun Borgarbyggðar 2025.

Framlagt."

5. 2601287 - Samræmdar greiðslur til stuðningsfjölskyldna

Afgreiðsla byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 737: "Verkefnahópi er samanstendur af fagaðilum hjá hverju sveitarfélagi á Vesturlandi var falið það verkefni að skoða gjaldskrár fyrir greiðslur stuðningsfjölskyldna, forsendur þeirra og samræma gjaldskrár á Vesturlandi. Skoðað var hvernig greiðslum til stuðningsfjölskyldna var háttáð hjá nokkrum misfjölmönnum sveitarfélögum á landinu og var lagt fyrir á 168. fundi Velferðarnefndar. Meðfylgjandi eru framlögð gögn frá verkefnahópnum sem voru lögð fyrir fundinn.

Bókun velferðarnefnd var eftirfarandi: "Velferðarnefnd þakkar verkefnahópnum fyrir sitt framlag í því að móta grunn að sameiginlegri gjaldskrá hér á Vesturlandi. Velferðarnefnd samþykkir fyrir sitt leiti að gjaldskrá þessi verði uppfærð í samræmi við það sem fram kemur. Málið lagt til frekari umræðu inn í Byggðarráð. Samþykkt samhljóða."

Byggðarráð tekur undir afgreiðslu velferðarnefndar og leggur til við sveitarstjórn að gjaldskráin verði uppfærð til samræmis við tillögu.

Samþykkt samhljóða."

6. 2212062 - Ugluklettur - Stækkun

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 737: "Framlögð opnunarskýrsla útboðs vegna stækkunar á leikskólanum Uglukletti.

Framlagt en sjö tilboð bárust í verkið og stendur nú yfir rýni á tilboðunum.

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 739: "Á fundi byggðarráðs nr. 738 dags. 26. mars var ákveðið að fresta ákvörðun um töku tilboðs fram að fundi byggðarráðs nr. 739 í ljósi þess að nú stendur yfir rýni á áætlun um tekjur ársins 2026, og áhætta er metin til lækkunar, og öll tilboð eru umfram kostnaðaráætlun. Hlöðver Ingi Gunnarsson sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Kristín Gísladóttir skólastjóri á Uglukletti komu til fundarins og sátu framan af umræðu um þennan dagskrárlíð.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að hafna öllum framkomnum boðum í verkið

„Leikskólinn Ugluklettur - stækkun“ sem bárust á útboðstíma í samræmi við kafla 0.4.6 í útboðsgögnum og 2. mgr. 83. laga 120/2016, um opinber innkaup. Ljóst er að öll boð voru yfir kostnaðaráætlun eða frá 11% - 50%. Í ljósi upplýsinga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem komu fram nú á lokastigum útboðsferilsins gætu áætlaðar tekjur frá Jöfnunarsjóði orðið allt að 280 milljónum króna lægri en miðað er við í fjárhagsáætlun. Myndi það hafa veruleg áhrif á rekstur sveitarfélagsins en það í bland við hærri tilboð miðað við kostnaðaráætlun gerir það að verkum að tilefni er til að endurskoða rekstrar- og fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða."

7. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Skipa þarf nýjan fulltrúa í undirkjörnefndir vegna framkominna framboða fyrir sveitarstjórnarkosningar 2026.

8. 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga

Viðauki 1 um Barnaverndarþjónustu Vesturlands, við samning milli Hvalfjarðarsveitar og Borgarbyggðar um rekstrur sameiginlegrar barnaverndarþjónustu lagður fram. Viðaukinn var samþykktur í sveitarstjórn 12. desember 2024 en er lagður fram til endanlegrar staðfestingar eftir nánari yfirferð hjá ráðuneytum.

9. 2510200 - Gjaldskrár 2026

Lögð fram uppfærð gjaldskrá fyrir framkvæmdarleyfi og þjónustugjöld skipulagsfulltrúa með áorðnum breytingum.

10. 2603024 - Aðkomuvegur að fjölnotahús

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 737: "Yfirferð á fyrirhugaðri gatnagerð við aðkomuveg að fjölnota húsi við Þorsteinsgötu. Til fundarins koma Hlynur Ólafsson og Ottó Ólafsson verkefnastjórar framkvæmda hjá Borgarbyggð.

Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að láta fara fram verðfyrirspurn á gatnagerð við aðkomuveg að fjölnota íþróttahúsi í Borgarnesi.

Samþykkt samhljóða."

11. 2603187 - Úrskurðir örnefnanefndar vegna bæjarnafna í Borgarbyggð

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 738: "Framlagðir úrskurðir örnefnanefndar um bæjarheitið Heima (L238596) og um bæjarheitin Vanaheim (L237771) og Jötunheim (L237773).

Framlagt."

12. 2603309 - Háskólinn á Bifröst Fulltrúaráð og stjórn endurnýjun 2026

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 739: "2603309 Tilnefningar á fulltrúum Borgarbyggðar í fulltrúaráð og stjórn Háskólans á Bifröst.

Byggðarráð Borgarbyggðar leggur til við sveitarstjórn að tilnefna Guðveigu Lind Eyglóardóttur sem aðalmanng í stjórn Háskólans á Bifröst og Bjarneyju L. Bjarnadóttur sem varamann hennar. Þá leggur byggðarráð til að Brynja Þorsteinsdóttir verði fulltrúi Borgarbyggðar í fulltrúaráði og Sigrún Ólafsdóttir verði varamaður.

Samþykkt samhljóða og vísað til afgreiðslu í sveitarstjórn."

13. 2603133 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um langtímarekstrarstyrk

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 740:"Lagt fram samkomulag vegna rekstrarstyrks um rekstur GB á golfvellið Hamri.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagðan samning við Golfklúbb Borgarness og að gerður verði viðauki til að mæta kostnaðarauka sem honum fylgir. Málinu vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða"

14. 2604005 - Fyrirhuguð hækkun VSK á baðlón

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 740:"Fjallað um áform ríkisvaldsins að hækka virðisaukaskatt á baðlón en ljóst er að slík hækkun hefur bein áhrif á baðlónastarfssemi, ferðaþjónustu og mögulega aðra atvinnustarfssemi í sveitarfélaginu.

Fyrir helgina birti ríkisstjórnin áform um að hækka virðisaukaskatt á baðlón. Þessi hækkun snertir a.m.k. Kraumu og Giljaböðin í Húsafelli beint, en ljóst er að neikvæð áhrif gætu hæglega smitast yfir á aðra atvinnustarfssemi í Borgarbyggð. Mikil fjárfesting hefur átt sér stað í ferðaþjónustu í Borgarbyggð síðustu ár sem hefur haft jákvæð áhrif á atvinnulíf í sveitarfélaginu.

Þetta er því mál sem snertir ekki aðeins rekstur fárra fyrirtækja heldur alla virðisaukaferðaþjónustunnar. Baðlónin í Borgarbyggð eru mikilvægir seglar í ferðaþjónustu á svæðinu sem draga að ferðamenn og styðja við fjölbreyttari atvinnutækifæri, meiri dreifingu ferðamanna og þjónustu svo að aukin verðmæti verði eftir á svæðunum sjálfum.

Baðlón eru skv. könnun Ferðamálastofu vinsælasta afþreying bæði erlendra og innlendra ferðamanna. Þá hefur íslensk baðmenning nýlega verið viðurkennd á heimsminjaskrá UNESCO og er því nú enn sterkari sem helsta sérstaða landsins hvað varðar markaðssetningu til verðmætari ferðamanna til framtíðar.

Byggðarráð Borgarbyggðar lýsir áhyggjum af því að þessi áform eigi eftir að hafa neikvæð og kólnandi áhrif á ferðaþjónustuna og skorar á stjórnvöld að falla frá þessum áformum um skattahækkun.

Samþykkt samhljóða"

15. 2602071 - Egilsholt 1 - lóðarfrágangur

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 740:"Lögd fram drög að samkomulagi við Kaupfélag Borgfirðinga vegna skerðingar á lóð við Egilsholt 1.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja samkomulag um lúkningu máls milli Borgarbyggðar og Kaupfélags Borgfirðinga vegna skerðingar á lóð kaupfélagsins

við Egilsholt 1. Sveitarstjóra falið að senda samning á fyrirsvarsmenn KB og leggja í framhaldinu fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Byggðarráð leggur til að gerður verði viðauki vegna kostnaðar í tengslum við uppgjörið.

Samþykkt samhljóða"

16. 2510364 - Útboð á hýsingu, kerfisrekstri og notendaþjónustu tæknilegra innviða

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 740:"Lögd fram opunarskýrsla vegna útboðs á hýsingu, kerfisrekstri og notendaþjónustu tæknilegra innviða.

Byggðarráð leggur til að valið verði tilboð Advania ehf., kt. 590269-7199, í útboði nr. 2510364: „ Hýsing og rekstur upplýsingatækniumhverfis Borgarbyggðar, auk notendaþjónustu“ og vísar málinu til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða"

17. 2604010 - Fyrirhugaðar lokanir í Hvalfjarðargöngum

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 740:"Hvalfjarðargöng verða lokuð aðfaranætur mánudags til föstudags frá klukkan 21:30 til 06:00 að morgni frá 7. apríl til 29. maí. Ópið verður fyrir umferð aðfaranætur laugardags og sunnudags.

Vegna endurnýjunar á lýsingu í Hvalfjarðargöngum er hafið tímabil þar sem göngin verða lokuð fyrir umferð á virkum dögum frá kl. 21.30 til 6.00 til 29. maí. Á þeim tíma verður umferð vísað um Hvalfjörð. Hvalfjarðargöng eru mikilvæg lífæð fyrir Vesturland og sífellt fleiri treysta á göngin svo sem vegna atvinnu eða skóla.

Endurbætur á lýsingu í göngunum er fagnaðarefni en afleitt að þær leiði til tímabundinnar lokunar. Byggðarráð leggur áherslu á að tryggt verði að bráðaþjónusta geti eftir sem áður átt greiða leið um göngin. Þá hvetur byggðarráð Vegagerðina og verktaka til að sýna sveigjanleika ef brýnir hagsmunir eru í húfi og sýna ákveðið meðalhóf með því að bjóða upp á fylgdarakstur þegar það er mögulegt.

Tímabundin lokun Hvalfjarðarganga sýnir enn og aftur mikilvægi þess fyrir Vesturland að fjölga heilsársamgönguleiðum milli landshlutans, höfuðborgarsvæðisins og Suðurlands svo sem með uppbyggingu heilsársvegar um Uxahryggi.

Samþykkt samhljóða"

18. 2509087 - Útboð á skóla- og tómsundaakstri fyrir skólaárið 2026-2027

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 740:"Kynnt drög að útboði á skólaakstri.

Byggðarráð leggur til að skólakstur verði boðinn út til fjögurra ára og sveitarstjóra falið að vinna áfram að útboðsgögnum í samræmi við umræður á fundi og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða"

19. 2601070 - Sveitarstjórnarkosningar 2026

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr.740:"Lagt fram minnisblað um staðsetningu og opunartíma kjörstaða í Borgarbyggð og Skorradalshreppi.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að staðfesta staðsetningar og opnunartíma kjörstaða vegna sveitarstjórnarkosninga 2026. Að fyrirkomulagið verði eftirfarandi:

Kjörstaðir verða óbreyttir frá því sem áður hefur verið í Borgarbyggð eða samkvæmt gildandi samþykktum sveitarfélagsins. Samþykkt hefur verið að Skorradalur verði ein sérstök kjördeild sbr. mál nr. 2602076 sem tekið var fyrir þann 12. febrúar sl. í sveitarstjórn Borgarbyggðar og mál nr. 2602001 sem var tekið fyrir í Hreppsnefnd Skorradals þann 3. febrúar sl.

Borgarneskjördeild mun þjóna íbúum sem búa á svæðinu milli Hítarár og Gljúfurár, ásamt íbúum Hvanneyrar og Andakíls. Kosið verður í Hjálmakletti. Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Þinghamarskjördeild verður fyrir íbúa Stafholtstungna, Norðurárdals, Bifrastar og Þverárhliðar. Kosið verður í Þinghamri. Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00.

Lindartungukjördeild er ætlað íbúum sem búa á svæðinu milli Hítarár og Haffjarðarár. Kosið verður í félagsheimilinu Lindartungu. Yfirkjörstjórn leggur til að opnunartími Lindartungukjördeildar verði stytur um tvo klukkutíma en kjörfundur mun hefjast kl. 10:00 og ljúka kl. 18.00.

Kleppjársreykjakjördeild verður fyrir íbúa Bæjarsveitar, Lundarreykjadals, Flókadals, Reykholtisdals, Hvítársíðu og Hálsasveitar. Kosið verður í Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjársreykjum. Yfirkjörstjórn leggur til að opnunartími Kleppjársreykjakjördeildar verði stytur og í takt við opnunartíma í Þinghamarskjördeild eða frá kl. 10.00 og myndi þá ljúka kl. 20.00.

Skorradalskjördeild verður fyrir íbúa Skorradals. Kosið verður í Laugarbúð. Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 18:00.

Málinu vísað til sveitarstjórnar

Samþykkt samhljóða"

20. 2511065 - Fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 738: "Framlagður viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun Skorradalshrepps fyrir árið 2026.

Viðauki framlagður. Byggðarráð felur sveitarstjóra að óska eftir samtali við Skorradalshrepp um fyrirkomulag framkvæmda vegna ljósleiðara í Skorradalshreppi.

Samþykkt samhljóða."

21. 2603108 - Samningur um umhirðu og slátt á opnum svæðum á Hvanneyri

Lagður fram samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands um umhirðu opina svæða á Hvanneyri.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkir fyrir sitt leiti drög að samningi og sendir þau til sveitastjórnar til staðfestingar.

22. 2603342 - Umsagnir - skipulagsmál

Afgreiðsla 85. fundar skipulags- og byggingarnefndar:
"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að gera ekki athugasemd við vinnslutillögu aðalskipulags Húnabyggðar 2025-2037 en óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á síðari stigum.
Samþykkt samhljóða. "

23. 2601020 - Húsafell 3 - umsókn um breytingu á deiliskipulagi - Stórarjódur 6 L134495

Afgreiðsla 85. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja óverulega breytingu á deiliskipulagi Stuttárbotna fyrir lóðina Stórarjódur 6. Breytingin er sett fram í greinagerð og á uppdrætti dags. 05.01.2026.
Breytingin felst í því að byggingarreitur er lengdur um nokkra metra til norð-austurs og suð-austurs auk þess sem hann er einnig settur utan um núverandi fylgihús sem er á lóðinni en húsið stendur nær lóðamörkum en 10m. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.
Málsmeðferð verður skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010.
Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum og koma þeim á framfæri við málsaðila.
Samþykkt samhljóða."

24. 2602002 - Skúlagata 14 - Umsókn um lóðaleigusamning

Afgreiðsla 85. fundar skipulags- og byggingarnefndar:
"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að endurnýja lóðarleigusamning fyrir lóðina Skúlagata 14. Auk þess leggur nefndin til við sveitarstjórn að samþykkja afmörkun lóðar þegar merkjalýsandi hefur afmarkað lóðina í landeignaskrá HMS og skilað inn undirrituðum gögnum til sveitarfélagsins.
Samþykkt samhljóða."

25. 2603285 - Hamar - Umsókn um stofnun lóða

Afgreiðsla 85. fundar skipulags- og byggingarnefndar:
"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja stofnun 3406,7 m² lóð, Hamar - Golfsvæði 1 og 796,3 m² lóð, Hamar - Gamli bær úr landi Hamars (L135401) þegar merkjalýsandi hefur afmarkað lóðina í landeignaskrá HMS og skilað inn undirrituðum gögnum til sveitarfélagsins.
Lóðirnar fara í notkunarflokkinn lóð.
Samþykkt samhljóða."

26. 2511125 - Vanaheim - umsókn um breytingu á landnotkun - F2535890

Afgreiðsla 85. fundar skipulags- og byggingarnefndar:
"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja skráningu lóðarinnar Vanaheim úr viðskipta- og þjónustulóð í íbúðarhúsalóð. Nefndin bendir á úrskurð örnefnanefndar mál nr. 2-2026 um bæjarheitin Vanaheim og Jötunheim.
Samþykkt samhljóða."

27. 2504020 - Syðstu-Fossar - umsókn um framkvæmdarleyfi - 133909

Afgreiðsla 85. fundar skipulags- og byggingarnefndar:
"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga

123/2010.

Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum.

Samþykkt samhljóða."

28. 2603108 - Samningur um umhirðu og slátt á opnum svæðum á Hvanneyri

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkir fyrir sitt leiti drög að samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands um umhirðu opina svæða og sendir þau til sveitastjórnar til staðfestingar.

29. 2604043 - Framlenging á samningi um söfnun dýraleifa

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd leggur til að samningur við HSS verktak ehf. verði framlengdur.

30. 2603041 - Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 2026

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 737:"2603041

Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands fer fram 25. mars.

Fundarboð framlagt. Byggðarráð tilnefnir Finnboga Leifsson og Kristján Ágúst Magnússon sem fulltrúa sveitarfélagsins í stjórn.

Samþykkt samhljóða."

31. 2603130 - Mál í samráðsgátt - Flýting uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 737: "Í Samráðsgátt er kynning á áformum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um lagasetningu um flýtingu uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks.

Byggðarráð tekur undir að tilefni er til að skoða með hvaða hætti gera megi regluverk vegna uppbyggingar orkuinnviða skilvirkara. Uppbygging orkuinnviða er velferðar- og öryggismál fyrir landsmenn alla. Aukin skilvirkni má hins vegar ekki vera á kostnað landeigenda eða sveitarfélaga. Byggðarráð og sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur ítrekað bent á að sjónarmið um sanngjarnan hlut landeigenda og nærsamfélaga og uppbyggingu orkuinnviða geta auðveldlega farið saman. Framleiðsla og flutningur á raforku skapar mikil verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Það er óviðunandi að sú verðmætasköpun sé á kostnað landeigenda eða samfélaga fjarri þeim stað er orkan er nýtt. Það er sanngirnismál að greitt sé eðlilegt verð fyrir það land sem tekið er undir orkumannvirki. Það verð hlýtur að taka mið af þeim skorðum sem mannvirkin setur á nýtingu landsins og þeim miklu verðmætum sem þeim er ætlað að skapa.

Samþykkt samhljóða."

32. 2603241 - Aðalfundarboð Reiðhallarinnar Vindási 2026.

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 738:"Framlagt boð á aðalfund Reiðhallarinnar Vindási sem fram fer 9. apríl 2026.

Fundarboð framlagt og felur byggðarráð Davíð Sigurðssyni að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins."

33. 2603345 - Aðalfundur Veiðifélags Langár

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 739: "Lagt fram fundarboð á aðalfund Veiðifélags Langár.

Framlagt."

34. 2604022 - Aðalfundur Veiðifélags Hítarár 2026

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 740: "Fundarboð á aðalfund veiðifélags Hítarár lagt fram.

Fundarboð framlagt."

35. 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 740: "Framlögð tillaga að umsögn vegna máls nr. 582 - Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits), sbr. afgreiðslu fundar byggðarráðs nr. 739.

Samstarf sveitarfélaga um rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verið farsælt. Um er að ræða mjög mikilvæga þjónustu fyrir íbúa, stofnanir og atvinnulíf þar sem staðbundin þekking getur skipt sköpum. Þetta er starfsemi sem byggir á öflugu starfsfólki með staðgóða þekkingu sem er reiðubúið að bregðast hratt við. Mjög vel ígrunduð rök þurfa að búa að baki því að ráðast í svo stóra kerfisbreytingu sem frumvarpið felur í sér. Þau rök hafa ekki komið fram svo sannfærandi sé og mikill vafi leikur á að kerfisbreytingin verði til batnaðar.

Byggðarráð Borgarbyggðar ítrekar því fyrri afstöðu sína til fyrirhugaðra breytinga á lögum um einföldun regluverks og aukna skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Í bókun frá 720. fundar byggðarráðs frá 18. september 2025 segir: "Ef svo fer sem horfir virðist vera lögð aukin áhersla á miðstýringu eftirlitsstofnana sem getur haft í för með sér að staðbundin þekking geti tapast, þjónustulund minnki, viðbragðstími lengist og kostnaður notenda hækki."

Byggðarráð telur að þessi sjónarmið séu enn í fullu gildi. Sveitarfélagið tekur undir þær áhyggjur sem fram koma í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Augljóst er að fyrirhugaðar breytingar fela í sér verulega tilfærslu á verkefnum og ábyrgð frá sveitarfélögum til ríkisins, sem mun hafa áhrif á gæði þjónustu, framkvæmd eftirlits og samstarf stofnana.

Mikil hætta er á að staðbundin þekking og reynsla, sem byggst hefur upp innan heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á löngum tíma, glatist eða veikist. Það mun leiða til minni þjónustulundar, lengri viðbragðstíma og aukins kostnaðar fyrir íbúa og atvinnulíf, auk þess sem hún getur dregið úr sveigjanleika og skilvirkni í framkvæmd eftirlits.

Byggðarráð telur að frumvarpið geri of lítið úr mikilvægi þess að eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum sé nálægt vettvangi. Nálægt við íbúa og fyrirtæki er lykilsenda stöðugs árangursríkis eftirlits og stuðlar að trausti, skilvirkum samskiptum og betri niðurstöðum.

Byggðarráð telur að ekki hafi verið sýnt fram á að þær breytingar sem lagðar eru til muni í raun leiða til aukinnar skilvirkni eða einföldunar í framkvæmd. Þvert á móti óttast

byggðarráð að breytingin hafi neikvæð áhrif á þjónustustig, kostnað og gæði eftirlits.

Að lokum leggur byggðarráð áherslu á að skýrt liggi fyrir hvernig verkaskiptingu og ábyrgð milli ríkis og sveitarfélaga verður háttáð. Þennan þátt þarf að skýra mun betur í frumvarpinu.

Samþykkt samhljóða"

Fundargerð

36. 2603018F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 737

- 36.1 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks
- 36.2 2601287 - Samræmdar greiðslur til stuðningsfjölskyldna
- 36.3 2401059 - Mælaborð um rekstur Borgarbyggðar
- 36.4 2411095 - Gatnagerð við Fitjar - erindi frá Björgunarsveitinni Brák
- 36.5 2602071 - Egilsholt 1 - lóðarfrágangur
- 36.6 2603024 - Aðkomuvegur að fjölnota íþróttahúsi
- 36.7 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 36.8 2311091 - Vallarás - hönnun og framkvæmdir
- 36.9 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knattús
- 36.10 2602286 - Melabraut 2b - Umsókn um lóð
- 36.11 2603149 - Viðhaldsáætlun eignasjóðs 2026
- 36.12 2204038 - Sala samkomuhússins við Þverárrett
- 36.13 2603133 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um langtímarekstrarstyrk
- 36.14 2501076 - Fjarskiptasamband í Borgarbyggð
- 36.15 2603108 - Samningur um umhirðu og slátt á opnum svæðum á Hvanneyri
- 36.16 2603106 - Frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga
- 36.17 2603130 - Mál í samráðsgátt - Flýting uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks
- 36.18 2603124 - Aðalfundur Símenntunar á Vesturlandi 2026.
- 36.19 2602034 - Faxaflóahafnir fundagerðir 2026.
- 36.20 2603041 - Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 2026
- 36.21 2602005 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2026
- 36.22 2603173 - Dagsetningar funda byggðarráðs og sveitarstjórnar í apríl
- 36.23 2603158 - Menntaskóli Borgarfjarðar - ársreikningur 2025

37. 2603028F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 738

- 37.1 2505064 - Fjárhagsáætlun 2026
- 37.2 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 37.3 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 37.4 2603281 - Stefnumótun fyrir Hjálmaklett
- 37.5 2512102 - Eigendanevnd Orkuveitunnar
- 37.6 2603133 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um langtímarekstrarstyrk

- 37.7 2511138 - Leigusamningur um land fyrir golfvöll að Hamri
- 37.8 2204038 - Sala samkomuhússins við Þverárrétt
- 37.9 2602071 - Egilsholt 1 - lóðarfrágangur
- 37.10 2511065 - Fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026
- 37.11 2602149 - Skipan í raflínunefnd vegna Holtavörðuheiðarlínu 1
- 37.12 2603269 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2026
- 37.13 2603241 - Aðalfundarboð Reiðhallarinnar Vindási 2026.
- 37.14 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 37.15 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 37.16 2602005 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2026
- 37.17 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 37.18 2603187 - Úrskurðir örnefnanefndar vegna bæjarnafna í Borgarbyggð
- 37.19 2503353 - Göngustígar - Verðfyrirspurn
- 37.20 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 37.21 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 37.22 2603312 - Stjórnsýsluskoðun Borgarbyggðar 2025

38. 2603041F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 739

- 38.1 2603329 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2025
- 38.2 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 38.3 2004149 - Egilsgata 11 - lóðamál
- 38.4 2603309 - Háskólinn á Bifröst Fulltrúaráð og stjórn endurnýjun 2026
- 38.5 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 38.6 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 38.7 2602005 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2026
- 38.8 2510364 - Útboð á hýsingu, kerfisrekstri og notendaþjónustu tæknilegra innviða
- 38.9 2603345 - Aðalfundur Veiðifélags Langár

39. 2604001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 740

- 39.1 2603133 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um langtímarekstrarstyrk
- 39.2 2604005 - Fyrirhuguð hækkun VSK á baðlón
- 39.3 2602154 - Beiðni eigenda Hæls um að jörðin verði tekinn af afréttarskrá.
- 39.4 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 39.5 2601254 - Styrktarsjóður EBÍ-umsóknarfrestur til febrúarloka 2026
- 39.6 2602071 - Egilsholt 1 - lóðarfrágangur
- 39.7 2510364 - Útboð á hýsingu, kerfisrekstri og notendaþjónustu tæknilegra innviða
- 39.8 2604010 - Fyrirhugaðar lokanir í Hvalfjarðargöngum
- 39.9 2509087 - Útboð á skóla- og tómsundaakstri fyrir skólaárið 2026-2027
- 39.10 2604022 - Aðalfundur Veiðifélags Hítarár 2026
- 39.11 2601070 - Sveitarstjórnarkosningar 2026

40. 2603038F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 72

- 40.1 2602276 - Snjómokstur í Borgarnesi.
- 40.2 2603108 - Samningur um umhirðu og slátt á opnum svæðum á Hvanneyri
- 40.3 2601254 - Styrktarsjóður EBÍ-umsóknarfrestur til febrúarloka 2026
- 40.4 2604042 - Beitarsamningur um Hamarsland 2026-2030
- 40.5 2604046 - Beiðni um beitarhólf á leigu
- 40.6 2604043 - Framlenging á samningi um söfnun dýraleifa
- 40.7 2602275 - Hreinsunaráttök 2026
- 40.8 2604044 - Staða fjárhagsliða sem heyra undir Umhverfis og landbúnaðarnefnd

41. 2603044F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 85

- 41.1 2603343 - Hvítárþakki 7 - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - L179429
- 41.2 2602002 - Skúlagata 14 - Umsókn um lóðaleigusamning
- 41.3 2603285 - Hamar - Umsókn um stofnun lóða
- 41.4 2404295 - Margrétartún L134457 - Umsókn um stofnun lóða
- 41.5 2506060 - Hátún - umsókn um stofnun lóða - 172733
- 41.6 2511125 - Vanaheim - umsókn um breytingu á landnotkun - F2535890
- 41.7 2603140 - Fyrirspurn um skipulagsmál - Egilsgata 11
- 41.8 2603145 - Fyrirspurn um skipulagsmál-Brúartorg 1
- 41.9 2601020 - Húsafell 3 - umsókn um breytingu á deiliskipulagi - Stórarjóður 6 L134495
- 41.10 2504020 - Syðstu-Fossar - umsókn um framkvæmdarleyfi - 133909
- 41.11 2603342 - Umsagnir - skipulagsmál
- 41.12 2603015F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 71
- 41.13 2603032F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 72
- 41.14 2604003F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 73
- 41.15 2603004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 256
- 41.16 2603040F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 257

42. 2603026F - Umsjónarnefnd fólkvangsins í Einkunnum - 94

- 42.1 2603247 - Skógræktarfélag Borgarfjarðar - Vinna í Einkunnum 2026
- 42.2 2508228 - Skipulag og kortagerð í Einkunnum
- 42.3 2603248 - Stígagerð og þemasvæði í Einkunnum
- 42.4 2603250 - Samráðsfundur með Náttúruverndarstofnun
- 42.5 2603252 - Önnur mál Umsjónarnefndar fólkvangsins í Einkunnum

43. 2603009F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 252

- 43.1 2409322 - UMSB - samstarfssamningur

44. 2603033F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 253

- 44.1 2501033 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og listaskóla Borgarbyggðar
- 44.2 2603325 - Skýrsla um úthlutun til leikskóla
- 44.3 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 44.4 2601055 - Fjórblómið - mönnun grunnskóla
- 44.5 2601091 - Ósk um breytingu á upptökusvæði skóla.
- 44.6 2603284 - Aðstaða til myndalistakennslu í Listaskólanum
- 44.7 2409322 - UMSB - samstarfssamningur
- 44.8 2602141 - Reglur um starfsemi frístundarheimila í Borgarbyggð
- 44.9 2509087 - Útboð á skóla- og tómsundaakstri fyrir skólaárið 2026-2027

14.04.2026

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.